



UMSÖGN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsögn skóla- og frístundasviðs vegna tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um stefnu í málefnum dagforeldra

Á fundi skóla- og frístundaráðs 5. desember 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki stefnu í málefnum dagforeldrar á grundvelli skýrslu dags. maí 2018 (SFS2018010109) og sú stefna taki gildi eigi síðar en 1. júlí 2023. Í þessu felst m.a. að borgin útvegi leiguhúsnæði svo að dagforeldrar eigi auðveldara með að starfa tveir saman, niðurgreiðslur til dagforeldra hækki verulega, aðstöðu- og stofnstyrkir verði hækkaðir og aukinn verður faglegur stuðningur við dagforeldra.

Þessari tillögu var vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Umsögn

Skýrsla starfshóps um dagforeldramál

Á árinu 2018 skilaði starfshópur skipaður af skóla- og frístundaráði, skýrslu um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldrabjónustu í Reykjavík.

Starfshópurinn lagði til eftirfarandi leiðir til að breyta og þróa starfsemi dagforeldra í Reykjavík:

- Húsnæði vegna daggæslu í heimahúsum. Reykjavíkurborg stuðli markvisst að því að fjölga þeim dagforeldrum sem starfa tveir saman með því að bjóða þeim húsnæði til leigu undir starfseminu. Farið verði í kynningarátak og auglýsingaherferð til að fjölga dagforeldrum með tilvísun til möguleika á húsnæði. Stefnt verði að hóflegu leiguverði og settar verða viðmiðunarreglur um úrvinnslu umsókna.
- Hækkun á niðurgreiðslum til dagforeldra. a) Lagt er til að niðurgreiðslur til dagforeldra hækki í áföngum þannig að kostnaður foreldra sem vista börn sín hjá dagforeldrum verði sambærilegri við það ef barn væri á leikskóla. Í fyrsta áfanga hækki niðurgreiðslurnar um 25% eða um 13.768 kr. á mánuði. Viðbótarkostnaður á ári vegna hækkunar á niðurgreiðslu til foreldra miðað við 25% hækkun er 89.202.872 kr. b) Lagt er til að við 18 mánaða aldur hækki niðurgreiðslur til samræmis við gjöld sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Þetta á við um þau börn sem dvelja hjá dagforeldrum og eru orðin 18 mánaða gömul. Alls viðbótarkostnaður á ári 136.066.299 kr. * Sjá frekari forsendur fyrir útreikningum í fylgiskjali.

3. Aðstöðustyrkur. Innleiddur verði svokallaður aðstöðustyrkur að upphæð 200.000 kr. á ári til að mæta kostnaði dagforeldra í Reykjavík vegna húsnæðis og aðbúnaðar í tengslum við starfsemina. Alls viðbótarkostnaður á ári 28.000.000.
4. Stofnstyrkur. Til að ýta undir nýliðun í starfsstéttinni í Reykjavík og til að mæta kostnaði vegna aðlögunar á húsnæði og kaupa á nauðsynlegum aðbúnaði vegna starfseminnar verði greiddur stofnstyrkur til dagforeldra að upphæð 300.000 kr. á ári. Ef miðað er við 12 nýja dagforeldra á ári er viðbótarkostnaður vegna stofnsstyrks 3.600.000 á ári.
5. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra. a) Framlag Reykjavíkurborgar vegna námskeiðsgjalds á grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra hækki þannig að greiddur verði helmingur námskeiðsgjalds. Kostnaður við niðurgreiðslu á grunnnámskeiði. Núverandi námskeiðskostnaður er 90.000 kr. Niðurgreitt um helming, 10 þátttakendur x 45.000 kr. samtals 450.000 kr á ári. b) Reykjavíkurborg greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem haldin eru af viðurkenndum og skilgreindum fagaðilum. Kostnaður við skyndihjálparnámskeið með áherslu á slys og veikindi barna (endurnýjun) kostar 91.200 kr. fyrir allt að 15 manns. Ef þátttakendur eru allt að 30 er kostnaðurinn 114.700 kr. Kostnaður vegna eldvarnarnámskeiða. Miðað við 20 þátttakendur kostar námskeiðið (2 klst) 70.000 kr. c) Dagforeldrum standi til boða aðgengi að símenntun og faglegu samstarfi við leikskóla. Þeir verði hvattir til að sækja um á eigin forsendum almenna styrki skóla- og frístundaráðs og einnig um styrki til þróunarverkefna, t.d. í samstarfi við leikskóla eða þjónustumiðstöðvar með barnið í brennidepli.
6. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra. Til að mæta þörfum allra íbúa í borginni og vegna aukins fjármagns í málaflokkinn verði gerð krafa til dagforeldra um ríkari upplýsingagjöf til foreldra um daggæsluna sem birtist á heimasíðu.
7. Námsefni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna Reykjavíkurborg hafi forgöngu í samvinnu við velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga um að námsefni á grunnnámskeiðið vegna daggæslu verði þýtt á ensku og pólsku.
8. Ytra mat á daggæslu og öryggismál. a) Ytra mat á daggæslu verði innleitt. Matið byggi á gæðaviðmiðum sem unnin voru í samráði við félög dagforeldra á árunum 2015-2016. Matið verði kynnt dagforeldrum og foreldrum á fleiri en einu tungumáli. b) Öryggishnappur Reykjavíkurborg geri kröfu um það að dagforeldrar séu með öryggishnapp tengdan þjónustuborði á öryggismiðstöð. Kostnaði við öryggishnapp verði mætt með styrk frá Reykjavíkurborg. Öryggishnappur – Hjá Öryggismiðstöð er leigan á mánuði er 6.400 kr. (tilboð núna en annars er gjaldið 8.050). Ekkert gjald fyrir uppsetningu né fyrir útkall. Hjá Securitas er leigan á mánuði 8.020 kr. Uppsetning kostar 15.000 kr. (hnappar ekki samkvæmt læknisráði) en enginn kostnaður fyrir útkallið. Kostnaður á ári miðað við leigu frá Öryggismiðstöð 896.000 kr.
9. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir. Hópurinn leggur til að við endurskoðun á reglugerð um daggæslu verði eftirlit og þjónusta með dagforeldrum aukin. Heilbrigðiseftirlitið veiti starfsleyfi til daggæslu hvort sem um er að ræða að dagforeldri starfi eitt eða að tveir dagforeldrar starfi saman. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum fari að lágmarki í tvær heimsóknir á ári til dagforeldra, leiðbeini og veiti ráðgjöf.
10. Miðlæg innritun og tilraunarverkefni. Farið verði af stað með tilraunarverkefni í einu eða fleiri hverfum borgarinnar þar sem dagforeldrum býðst að taka þátt í miðlægu innritunarkerfi þar sem starfsmenn Reykjavíkurborgar sjá um að skrá börn sem bíða eftir dagvistun. Reykjavíkurborg hrindi úr vör tilraunarverkefnum er tengjast tillögu er kom fram í skýrslu er nefnist Blíð byrjun og snýr að fyrirkomulagi daggæslu í heimahúsum í Danmörku. Einnig er lagt til að skoðuð verði sú leið sem Finnar fylgja í málefnum yngstu barnanna.

11. Fyrirvaralaus uppsögn. Reykjavíkurborg kanni hvernig hægt er að mæta fyrirvaralausri uppsögn hjá dagforeldrum.

Á 145. fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. október 2018 voru 9 tilögur af 11 samþykktar til innleiðingar. Í kjölfarið voru tillögurnar samþykktar á 5531. fundi borgarráðs þann 17. janúar 2019. Hér fyrir neðan má sjá tillögurnar sem samþykktar voru ásamt stöðu framkvæmdar.

1. Húsnæði vegna daggæslu í heimahúsum

Borgin leggi dagforeldrum til húsnæði til að starfa tveir og tveir saman. Í fyrsta áfanga verði lögð fram þrjú hús á þremur stöðum. Aðgerðin miðist við að einn starfandi dagforeldri og einn nýr starfi saman.

Staða: Farið var í að auglýsa gæsluvallarhúsnæði til leigu til dagforeldra sem starfa tvö saman. Í dag eru flest þessara húsa enn í útleigu, en mörg þeirra eru orðin léleg og þarfnast aukins viðhalds/endurnýjunar. Ekkert annað húsnæði hefur verið nýtt fyrir starfsemina. Eru núna 8 hús og verða 6 hús.

2. Hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldra

Niðurgreiðslur til dagforeldra hækki um 15%

Staða: Niðurgreiðslur til dagforeldra hækkuðu um 15% 1. janúar 2019 og hafa hækkað 1. janúar ár hvert. Nú síðast 1. janúar 2023 en þá nam hækkunin 4,9%.

Hér má sjá yfirlit á hækkunum á niðurgreiðslum til dagforeldra frá 1. janúar 2019.

	1. janúar 2019	1. janúar 2020	1. janúar 2021	1. janúar 2022	1. september 2022	1. janúar 2023
8 klst. almennit gjald flokkur I	63.336	64.920	66.472	69.200	72.312	75.855
8 klst. Hærra gjald flokkur II	86.720	88.888	91.016	94.752	99.016	103.868

3. Stofnstyrkur

Til að ýta undir nýliðun í starfsstéttinni í Reykjavík og til að mæta kostnaði vegna aðlögunar á húsnæði og kaupa á nauðsynlegum aðbúnaði vegna starfseminnar verði greiddur stofnstyrkur til dagforeldra að upphæð 300.000 kr. á ári. Ef miðað er við 12 nýja dagforeldra á ári er viðbótarkostnaður vegna stofnstyrks 3.600.000 á ári.

Staða: Þessi liður kom til framkvæmda 2019 og er enn í fullu gildi. Í reglum um stofnstyrk er skilyrði að dagforeldri starfi í 1 ár, annars komi til endurgreiðslu.

4. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra.

a) Reykjavíkurborg hækki framlög til dagforeldra vegna grunnnámskeiðs fyrir verðandi dagforeldra. Greiddur verði helmingur námskeiðsgjalds grunnnámskeiðs.

Staða: Þessi liður kom til framkvæmda 2019 og er enn í fullu gildi.

b) Reykjavíkurborg greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem haldin eru af viðurkenndum og skilgreindum fagaðilum.

Staða: Þessi liður kom til framkvæmda 2019. Enginn hefur sótt um niðurgreiðslu vegna endurnýjunar á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum en greiðslufyrirkomulag var útfært í samvinnu við fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

c) Dagforeldrum standi til boða aðgengi að símenntun og faglegu samstarfi við leikskóla. Þeir verði hvattir til að sækja um á eigin forsendum almenna styrki skóla- og frístundaráðs og einnig um styrki til þróunarverkefna, t.d. í samstarfi við leikskóla eða þjónustumiðstöðvar með barnið í brennidepli.

Staða: Þessi liður hefur ekki komið til framkvæmda

5. Ytra mat á daggæslu og öryggishnappur

- a) Ytra mat á daggæslu verði innleitt. Matið byggi á gæðaviðmiðum sem unnin voru í samráði við félög dagforeldra á árunum 2015-2016. Matið verði kynnt dagforeldrum og foreldrum á fleiri en einu tungumáli.

Staða: *Ytra mat á daggæslu fór af stað en ákveðið var að falla frá því fljótlega eftir að það hófst. Gæðaviðmiðin eru aftur á móti í fullu gildi og nýta daggæsluráðgjafar gæðaviðmiðin í ráðgjafar- og eftirlitsheimsóknum til dagforeldra. Unnið er eftir gæðaviðmiðum í óboðuðu eftirliti til dagforeldra þrisvar á ári en gæðaviðmið eru t.d. vísun í reglugerð um daggæslu í heimahúsi nr.907/2005, reglugerð um hollustuhætti nr.941/2002 og reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017.*

- b) Reykjavíkurborg geri kröfu um það að dagforeldrar sem starfa einir séu með öryggishnapp tengdan þjónustuborði á öryggismiðstöð. Kostnaði við öryggishnapp verði mætt með styrk frá Reykjavíkurborg.

Staða: *Þessi liður kom til framkvæmda 2019 og er enn í fullu gildi, greiddur af Reykjavíkurborg. Daggæsluráðgjafar halda utan um skráningu. Með breytingu á reglugerð nr. 907/1995, sem gerð var með reglugerð 409/2023, sem þegar hefur tekið gildi, er það skilyrði fyrir veitingu leyfis að dagforeldri sé með neyðarhnapp sem gefur talsamband við stjórnstöð sem getur brugðist við ef þörf krefur. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði þessu séu tveir eða fleiri dagforeldrar starfandi saman að daggæslu í heimahúsi.*

7. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra

Til að mæta þörfum allra íbúa í borginni og vegna aukins fjármagns í málaflokkinn verði gerð krafa til dagforeldra um ríkari upplýsingagjöf til foreldra um daggæsluna sem birtist á heimasíðu.

Staða: *Þessi liður hefur ekki komið til framkvæmda.*

8. Námsefni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna.

Reykjavíkurborg í samvinnu við félagsmálaráðuneyti og Samband Íslenskra sveitafélaga, hafi forgöngu um námsefni á grunnnámskeiði vegna daggæslu verði þýtt ensku og pólsku.

Staða: *Þessari tillögu var vísað til Sambands Íslenskra sveitafélaga*

9. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir.

- a) Lagt er til að við endurskoðun á reglugerð um daggæslu verði eftirlit og þjónusta við daggæslu aukin. Heilbrigðiseftirlitið veiti starfsleyfi til daggæslu hvort sem um er að ræða að dagforeldri starfi eitt eða að tveir dagforeldrar starfi saman. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum fari að lágmarki í tvær heimsóknir á ári til dagforeldra, leiðbeini og veiti ráðgjöf.

Staða: *Þessu var vísað til ráðuneytisins. Reglugerðin er í endurskoðun um þessar mundir. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) tók við útgáfu leyfa til daggæslu í heimahúsum 1. janúar 2022.*

Í febrúar 2022 var samþykkt að öll daggæsluráðgjöf borgarinnar færdist á eina miðstöð, Suðurmíðstöð. Daggæsluráðgjafar sem þar starfa sinna nú einnig óboðuðu eftirliti með daggæslu barna í heimahúsum. Um leið og farið er í eftirlitsheimsókn er einnig veitt ráðgjöf. Það má því segja að heimsóknir með leiðbeiningar og ráðgjöf hafi aukist úr einni heimsókn í fjórar á ári. Gæði ráðgjafar og eftirlits hefur aukist með þessari tilfærslu verkefna á eina miðstöð.

10. Fyrirvaralaus uppsögn.

Reykjavíkurborg kanni hvernig hægt er að mæta fyrirvaralausri uppsögn hjá dagforeldrum.

Staða: Þessi liður hefur ekki komið til framkvæmda.

Tillögur um uppbyggingu leikskóla í borginni

Að lokum er vert að benda á tillögur um uppbyggingu leikskóla í borginni. Á fundi borgarráðs 18. ágúst 2022 var samþykkt tillaga formanns borgarráðs um að kanna sex uppbyggingarverkefni í leikskólamálu og þeim vísað til frekari útfærslu á vettvangi skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs. Ein af þessum tillögum er tillaga 5 og varðar niðurgreiðslu vegna þjónustu dagforeldra og er svohljóðandi:

Lagt er til að samþykkt verði að hækka niðurgreiðslu vegna þjónustu dagforeldra til þess að fjölga dagforeldrum, styrkja starfsgrundvöll þeirra og lækka útgjöld foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Stofnstyrkir verði hækkaðir og fleiri leiðir til úrbóta kannaðar, s.s. húsnæðisstuðningur og fræðslustyrkir.

Umsögn:

Lagðar eru fram tvær tillögur að hækkaðri niðurgreiðslu til dagforeldra. Báðar tillögur fela í sér hækkun á stofnstyrk upp í 500 þús. kr., árlegum aðstöðustyrk upp á 150 þús. kr. og leigustyrk upp á 150 þús. kr. á mánuði fyrir dagforeldra í færanlegum kennslustofum á vegum Reykjavíkur. Fjárhagsleg áhrif af hækkun stofnstyrks miðað við 40 nýja dagforeldra eru 20 millj. kr., sem flokkast undir einskíptiskostnað. Árlegur kostnaður við aðstöðustyrk miðað við 40 nýja dagforeldra og 85 starfandi dagforeldra yrði 18.750.000 kr. Leigustyrkur er ekki reiknaður í tillögnum þar sem algjör óvissa ríkir um hvaða og hversu margar færanlegar kennslustofur stæðu dagforeldrum til boða.

Í fyrri tillögu að hækkun á niðurgreiðslu til dagforeldra er lagt til að heildarfjárhæð sem dagforeldrar geta fengið með hverju barni sé 150 þús. kr. á mánuði, sem samanstendur af niðurgreiðslu frá Reykjavík og greiðslu frá foreldrum. Árlegur viðbótarkostnaður yrði 293 millj. kr. að meðtöldum aðstöðustyrk.

Í seinni tillögu er lagt til að heildarfjárhæð sem dagforeldrar geta fengið með hverju barni sé 190 þús. kr. á mánuði, sem samanstendur af niðurgreiðslu frá Reykjavík og greiðslu frá foreldrum. Árlegur viðbótarkostnaður yrði 573 millj. kr. að meðtöldum aðstöðustyrk.

Í báðum tillögum er gert ráð fyrir fjölgun dagforeldra um 40 til viðbótar við þá 85 dagforeldra sem eru starfandi í dag. Einnig er gert ráð fyrir þaki á greiðsluþátttöku foreldra þannig að foreldrar greiði að hámarki 65.800 kr.

Kostnaður við dagforeldrakerfið árið 2022 er áætlaður um 360 millj. kr. Hér að neðan má sjá nánari útlístun á aðgerðum til að fjölga dagforeldrum ásamt kostnaðarmati.

A. Almennar tillögur

1. Gerður verði þjónustusamningur við dagforeldra.
2. Miðað verði við að stofnkostnaður verði 500 þús. kr. fyrir dagforeldra sem hefja starfsemi.
3. Miðað er við að settur verði á árlegur aðstöðustyrkur upp á 150 þús. kr.
4. Leigustyrkir fyrir dagforeldra í færanlegum kennslustofum á vegum Reykjavíkurborgar miði við að dagforeldrar greiði að hámarki 150 þús. kr. í leigu. Reykjavíkurborg styrki þá um þann mismun sem eftir verður. Sem dæmi þá kostar leiga á 60m² færanlegri

stofu 350 þús. kr. á mánuði. (Kostnaður við að setja niður 60m² færanlega stofu er 40 millj. kr. Slík stofa rúmar 10 börn eða starfsstöð fyrir 2 dagforeldra). Ef 5 svona hús yrðu sett niður væri árleg niðurgreiðsla leigu 12 milljónir króna.

B. Fyrri tillaga um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra

1. Niðurgreiðsla til dagforeldra verði hækkuð úr 69.200 fyrir hvert barn upp í 84.200 kr.*
2. Þak verði sett á gjald sem foreldrar greiða fyrir börn yngri en 18 mánaða upp að 65.800 kr. á mánuði.
3. Þegar barn nær 18 mánaða aldri þá greiða foreldrar sama gjald og í leikskóla. Miðað við 28.371 kr. sem er leikskólagjald fyrir 8 tíma leikskóladvöl fyrir hjón og sambúðarfólk. Niðurgreiðsla hækkar í 121.629 kr. pr. barn.
4. Tillagan felur í sér að dagforeldrar fái 150 þús. kr. pr. mánuð fyrir hvert barn. Sem er samanlögð heildarsumma á niðurgreiðslu og dagvistargjaldi foreldra.

C. Seinni tillaga um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra

1. Niðurgreiðsla til dagforeldra verði hækkuð úr 69.200 fyrir hvert barn upp í 124.200 kr.
2. Þak verði sett á gjald sem foreldrar greiða fyrir börn yngri en 18 mánaða upp að 65.800 kr. á mánuði.
3. Þegar barn nær 18 mánaða aldri þá greiða foreldrar sama gjald og í leikskóla. Miðað við 28.371 kr. sem er leikskólagjald fyrir 8 tíma leikskóladvöl fyrir hjón og sambúðarfólk. Niðurgreiðsla hækkar í 161.629 kr. pr. barn.
4. Tillagan felur í sér að dagforeldrar fái 190 þús. kr. pr. mánuð fyrir hvert barn. Sem er samanlögð heildarsumma á niðurgreiðslu og dagvistargjaldi foreldra.

Áætlað er að þessar aðgerðir muni fjölga dagforeldrum um allt að 40. Í dag eru 85 dagforeldrar í Reykjavík og 21 dagforeldrar í öðrum sveitarfélögum að störfum með 433 börn sem eru með lögheimili í Reykjavík.

Útreikningur kostnaðar:

A. Almennar tillögur

- Stofnkostnaður miðað við fjölgun um 40 dagforeldra $40 \times 500.000 = 20.000.000$ kr.

Einskiptis kostnaður 20.000.000 kr.

- Árlegur aðstöðustyrkur verði 150.000 kr.
 - Miðað við núverandi fjölda $85 \times 150.000 = 12.750.000$ kr.
 - Miðað við fjölgun um 40 dagforeldra $40 \times 150.000 = 6.000.000$ kr.

Árlegur kostnaður 18.750.000 kr.

B. Fyrri tillaga um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra

- Niðurgreiðsla til dagforeldra 84.200 kr.: Hækkun um 15.000 kr. x 433 börn eða samtals 6.495.000 kr.
- Viðbótarkostnaður miðað við 40 dagforeldra fjölgun með allt að 200 börn. $84.200 \text{ kr.} \times 200 \text{ börn} = 16.840.000$ kr. Samtals kostnaður 23.335.000 kr. pr. mánuð.

Árlegur kostnaður 256.685.000 kr. (11 mánuðir).

Þegar barn nær 18 mánaða aldri verði niðurgreiðsla 121.629 kr. pr. barn.

- Hækkun verður $121.629 \text{ kr.} - 84.200 \text{ kr.} = 37.429 \text{ kr.}$ pr. barn á mánuði.

- Áætlaður fjöldi barna eldri en 18 mánaða er breytilegur en ef miðað er við 120 börn þá verður kostnaður = $120 \times 37.429 = 4.491.480$ kr. pr. mánuð. Gera má ráð fyrir að meðaltali væri greitt fyrir fjóra mánuði.**

Árlegur kostnaður 17.965.920 kr.

C. Seinni tillaga um niðurgreiðslur á vistunargjaldi dagforeldra

- Niðurgreiðsla til dagforeldra 124.200 kr.: Hækkun um 55.000 kr. x 433 börn eða samtals 23.815.000 kr.
- Viðbótarkostnaður miðað við 40 dagforeldra fjölgun með allt að 200 börn. $124.200 \text{ kr.} \times 200 \text{ börn} = 24.840.000 \text{ kr.}$
- Samtals kostnaður 48.655.000 kr. pr. mánuð.

Árlegur kostnaður 535.205.000 kr. (11 mánuðir).

Þegar barn nær 18 mánaða aldri verði niðurgreiðsla 161.629 kr. pr. barn.

- Hækkun verður $161.629 \text{ kr.} - 124.200 \text{ kr.} = 37.429 \text{ kr.}$ pr. barn á mánuði.
- Áætlaður fjöldi barna eldri en 18 mánaða er breytilegur en ef miðað er við 120 börn þá verður kostnaður = $120 \times 37.429 = 4.491.480$ kr. pr. mánuð. Gera má ráð fyrir að meðaltali væri greitt fyrir fjóra mánuði.

Árlegur kostnaður 17.965.920 kr.

Samantekt: Einskiptis stofnkostnaðar er um 20 milljónir kr. miðað við fjölgun um 40 dagforeldra. Árlegur heildarkostnaðarauki er um 293 milljónir kr. eða um 573 milljónir kr. eftir því hvort fyrr eða seinni tilaga kemur til álita.

* Óljóst er hvort þessi fjárhæð sé nægilega há svo að nýir dagforeldrar séu tilbúnir að koma inn í kerfið þar sem þetta skilar ekki nógu háum tekjum til þeirra.

** Þessi fjöldi barna miðar við samsetningu barnahópsins sem eru í vistun hjá dagforeldrum í apríl 2022. Með fjölgandi leikskólaplássum í tengslum við Brúum bilið hópinn og sífellt lækkandi aldur barna sem hefja leikskólavist, mun þessi tala lækka töluvert. Sem dæmi má nefna að 20.9.2022 voru 49 börn 18 mánaða og eldri á biðlista eftir leikskólaplássi í Reykjavík.

Úrvinnslu þessarar tillögu er ólokið.